



FUNDARGERÐ

**220. fundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , föstudaginn 11. mars 2022
og hófst hann kl. 08:30.**

Fundinn sátu:

Ágúst Sigurðsson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Rafn Bergsson, Valtýr Valtýsson, Hulda Karlsdóttir og Einar Bárðarson.

Fundargerð ritaði: Hulda Karlsdóttir, Fundarritari.

Stjórn Sorpstöðvar býður Einar Bárðarson nýráðinn framkvæmdastjóra Sorpstöðvarinnar sérstaklega velkominn til fundar.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit 2021 - - 2104013

Rekstraryfirlit jan-des 2021

Rekstraryfirlit fyrir árið 2021 lagt fram. Er það gert með fyrirvara um breytingar vegna uppgjörs fyrir 2021 en því er ekki lokið.

2. Rekstraryfirlit 2022 - 2203022

Rekstraryfirlit í janúar 2022

Rekstraryfirlit í janúar 2022 lagt fram til kynningar.

3. Ýmsar upplýsingar úr daglegum rekstri - 2101057

Hulda Karlsdóttir fer yfir ýmis rekstrarmál.

4. Sorphirða - 2203024

Lögð fram greinargerð um sorphirðu.

Drög að greinargerð um sorphirðu lögð fram til kynningar og umræðu. Greinargerð verður lögð fram í lokaútgáfu á næsta fundi. Stjórnarmenn koma með athugasemdir milli funda. Greinargerðin verður síðan kynnt sveitarstjórnnum aðilarsveitarfélaga í kjölfar næsta fundar stjórnar SOR.

6. Fundargerðir Sorpstöðvar Suðurlands - 2203021

308. stjórnarfundur SOS - fundargerð lögð fram til kynningar

309. stjórnarfundur SOS - fundargerð lögð fram til kynningar

Lagt fram til kynningar

5. Hringrásarhagkerfið - breytt úrgangsstjórnun - 2203028

Sorpstöðin samþykkir að taka þátt í verkefninu "Samtaka um hringrásarhagkerfi" og þar með eftirtöldum verkefnum: Svæðisáætlanir sveitarfélaga sem verkfæri í ákvarðanatöku; Kaup í anda hringrásarhagkerfisins - innkaup í úrgangsstjórnun sveitarfélaga; Borgað þegar hent er kerfi heim í hérað. Einar Bárðarson mun taka þátt í kynningarfundum f.h. Sorpstöðvarinnar. Samþykkt samhljóða.

Fundargerð yfirlesin og staðfest.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:30.


Ágúst Sigurðsson


Ásta Berghildur Ólafsdóttir


Rafn Bergsson

